

REGLUR

um úthlutun styrkja samkvæmt 9. gr. laga nr. 7/1967,
um námslán og námsstyrki.

1. gr.

Rétt til að sækja um kandidatastyrki, þ. e. styrki þá, sem veittir eru samkvæmt 9. gr. laga nr. 7/1967, um námslán og námsstyrki, hafa þeir, er lokið hafa háskóla-prófi, enda sé þar um að ræða lokapróf, en ekki hlutapróf.

2. gr.

Stjórn lánasjóðs íslenzkra námsmanna annast úthlutun styrkjanna og ákveður styrkuppþæðir hverju sinni.

Við styrkveitingar er heimilt að taka tillit til tekjuöflunar og fjárhagsaðstöðu hvers einstaks umsækjanda.

3. gr.

Séu umsóknir kandidata sambærilegar að öðru leyti en því, að eðlilegur heild-arnámstími kandidatanna frá stúdentsprófi er misjafnlega langur, skal sá kandi-dat, sem lengri eðlilegan námstíma hefur að baki, ganga fyrir.

Þeim, sem lokið hafa háskólaprófum og leggja síðan stund á framhaldsnám, en hljóta eigi kandidatastyrk, má veita lán úr lánasjóði íslenzkra námsmanna, þar til þeir hafa lokið fimm ára háskólanámi.

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með vísun til 4. gr. laga nr. 7/1967, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 29. janúar 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um nýja Lyfjaverðskrá II og um viðauka nr. 1 og 2 við hana.

Frá og með 15. janúar 1968 gengur í gildi ný Lyfjaverðskrá II og viðauki nr. 1 og viðauki nr. 2 við hana. Frá sama tíma fellur úr gildi Lyfjaverðskrá II frá 10. ágúst 1966 ásamt síðari breytingum og viðaukum.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. janúar 1968.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.